



Áramótablað

1. tbl.

Desember 2003

1. árg.



Áramótaávarp

- Hannes Sigurðsson, formaður Björgunarfélags Akraness

Kæri lesandi

Tími ljóss og friðar standa nú sem hæst og vonandi hafa flestir notið hátíðana og átt ánægjulegar stundir með fjölskyldum og vinum. Jólin eru hvíldartími hjá mörgum en annatími hjá öðrum og á það ekki sýst við þá sem vinna við verslun og þjónustu.

Við hjá Björgunarfélagi Akraness höfum í gegnum árin boðið Akurnesingum og nærsveitungum upp á vörur og þjónustu tengt jólum og áramótum. Jólátré og flugeldar eru orðin partur af starfssemi okkar og eru okkar stærstu

fjáraflanir ár hvert. Við höfum leitast við að bjóða sérvalin og falleg jólátré sem við höfum ýmist flutt inn eða verið með tré úr Skorradal. Hefur þessi sala ávalt mælst vel fyrir og þið lesendur góðir stutt dyggilega við bakið á okkur með kaupum á trjám frá okkur.

Flugeldasala slysavarnadeilda og björgunarsveita Slysavarnarfélagsins Landsbjargar er löngu orðin landsþekkt fyrir vandaðar, góðar og fyrsta flokks vörur. Flugeldasalan er lang stærsta fjáröflunarverkefni sveitana og er þetta blað gefið út meðal annars til þess að vekja athygli á því sem við erum að bjóða upp á í ár og til að minna á að aldrei er of varlega farið með skotelda.

Ég sagði áðan að þetta væri okkar stærsta fjáröflun.

En hvað gera svo þessar sveitir við peningana sem fást úr þessu öllu saman? Jú við notum þá til að búa okkur undir að geta hjálpað þér, þegar þú þarft lífsnauðsynlega á því að halda. Björgunarsveitirnar eru ekki (bara) hópur sem er samansettur af tækjaóðum græjufiklum sem aldrei geta verið heima hjá sér, heldur af fólki sem hefur m.a. gaman af útiveru og ævintýrum og er tilbúið að leggja sinn frítíma í æfingar og undirbúning undir að geta lagt samborgurum sínum og samfélagi lið þegar óveður, jarðskjálftar, snjóflóð,

skipsströnd, slys á fjöllum, týnd börn eða sjóskaðar bera að. Til þess að geta það þarf m.a. hæf tæki, þjálfadan og vel menntaðan mannskap og búnað sem stenst ströngustu kröfur um áreiðanleika og gæði. Það hafa dæmin sannað. Til að öðlast þjálfun og reynslu verða menn að æfa sig og fá reynslu af válinum aðstæðum. Þegar kallið kemur verður ekki beðið eftir góðri tíð heldur verða sveitirnar að vera undir það búnar að komast það sem aðrir komast ekki, og vinna þar sín störf við aðstæður þar sem flestum dytti ekki í hug að fara út fyrir hússins dyr.



Hannes afhendir íbúum sambýlisins við Vesturgötu flugelda frá B.A. fyrir áramótin.

Til að geta staðið þessa vakt leita björgunarsveitirnar til þín m.a. í formi sölu á flugeldum og jólátrjám til að geta haldið úti öflugum sjálfbodaliðsstarfi okkur öllum til hagsbóta.

Björgunarfélag Akraness hefur lagt mikinn metnað í nýliðastarf sveitarinnar og fáum til okkar landsins bestu kennara til að kenna okkar félögum m.a. Skyndihjálpar, Ferðamensku, Leit og björgun, Akstur í óbyggðum og ótal önnur námskeið til að búa okkar fólk sem best fyrir þau verkefni sem okkur verða falin. Björgunarfélagið hefur átt frábært samstarf við Fjölbrotarskóla Vesturlands á Akranesi og er nú svo komið að námskeið hjá BA og björgunarskóla Landsbjargar er metið til eininga í FVA. Er það okkar mat að þetta sé stærsta skref í slysavarnarmálum um langt skeið.

Um leið og við félagar í björgunarfélagi Akraness óskum ykkur öllum gleðilegs árs og þakklæti fyrir stuðningin í gegnum tíðina viljum við minna á að stuðningur við sveitina með kaupum á jólátrjám og flugeldum hjálpar okkur til að hjálpa þér og þínum.

Áramótablað

1. tbl. - 1. árg. - Desember 2003

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður: Hannes Sigurðsson

Ritstjórn: Ingvar Örn Ingólfsson og Ásgeir Örn Kristinsson

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Flugelda- markaður

Björgunarfélags Akraness
Kalmansvöllum 2 (á móti NETTÓ)

Opnunartími

Sunnudaginn 28. des. kl. 12-22

Mánudaginn 29. des. kl. 12-22

Þriðjudaginn 30. des. kl. 12-22

Gamlársdag 31. desember kl. 10-16

Þrettándinn 6. jan. kl. 12-18

*Margar nýjar
tegundir.
Nýir fjölskyldupakkar*



*Óskum öllum Akurnesingum og nærsveitamönnum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs
með þökk fyrir góðan stuðning undanfarin ár.*



Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

**Flugeldasýning í boði Björgunarfélagsins sunnu-
dagskvöldið 28. des kl. 20 á Miðbæjartúninu**

Björgunarleikar

Belinda Eir Engilbertsdóttir



Sæl verið þið lesendur og gleðilega hátíð.

Mesta viðurkenning sem við fengum á árinu sem er að liða sem félagar í Björgunarfélagi Akraness var á Björgunarleikunum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Björgunarleikarnir er keppni milli björgunarsveita um land allt. Keppnin er haldin á 2 ára fresti. Fyrir 2 árum voru leikarnir haldnir á Akureyri en í ár var keppnin haldin í Hafnarfirði og sá björgunarsveit Hafnarfjarðar um skipulagningu keppinnar. Það var keppt í mörgum greinum sem snúa að björgun og liðið með flest stig í lokin vinnur. Til leiks skráðu sig 9 björgunarsveitir, flestar af höfuðborgarsvæðinu og nokkrar utan af landi. Þar á meðal voru nokkur galvösk frá Akranesi. Við fórum með því hugarfari annað hvort að enda í efstu sætum eða aldrei stíga fæti á heimaslóðir aftur. Við vorum ekkert búin að æfa okkur neitt sérstaklega fyrir leikana sökum anna. Sumar björgunarsveitir eru með stift „program“ fram að leikunum svo keppnisandann vantaði ekki.

Við lögðum af stað í borg óttans, eða betur þekkt sem miðpunktur Íslands eldsnemma á laugardagsmorgni í alveg þrýðisveðri. Allir „úthvildir“ og svoleiðis og tilbúnir til að gera sitt besta. Allt í allt voru þetta 8 þrautir sem við áttum að spreya okkur á. Þegar við vorum kominn til Hafnarfjarðar var spennan í mannskapnum í hámarki. Við tilkynntum okkur inn þar sem Hafnarfjarðarsveitin er með aðstöðu sína og fengum þar smá bækling um leikana og hvar og hvenær við áttum að leysa hinar ýmsu þrautir.

Fyrsta þraut dagsins var á Viðistadatúninu. Þar tóku á móti okkur tveir prófdómarar. Þrautin lýsti sér þann-

ig að við áttum tvö og tvö í einu að fara út á blettin með GPS staðsetningatæki. Í tækinu var svo búið að setja inn ýmindað völundarhús og flögg á mismunandi stöðum inn í því. Markmiðið var að labba um í þessu völundahúsi og ná í eins mörg flögg eins og við gátum á 5 mín. Það var alls ekki ófyndið að sjá féлага sína labba um á þessum stóra bletti með andlitid ofan í staðsetningatækin svo allt í einu stopp, bakka aðeins, snúa sér, hlaupa, bakka. Synd að maður var ekki með myndbandsupptökutæki í fórum sínum. Okkur gekk vel í þessari þraut og fengum næstum því fullt hús stiga. Næst lá leiðin í nýbyggingu sem var rétt orðinn fohheld. Við mættum aðeins of snemma á staðinn og þurftum að biða í bílnum. Það er nefnilega bannað að mæta of snemma annars fær liðið mínus stig og auðvitað vildum við það ekki því sigurinn var okkar. Næsta þraut var sú erfiðasta. Þar áttu þeir úr liðinu að setja á sig bakpoka og reykköfunargrimu sem var búið að líma fyrir augun á svo ekkert sást út úr þeim, síðan átti að fara inn í hús sem var þarna og bjarga manni og koma honum út. Gunnar Agnar, Sigurður Axel og Sigurður Kári vildu endilega þreyta þrautina. Ég var alveg dauðfeginn því ég var alls ekki spennt fyrir að fara. Það voru tímamörk á þrautinni ef maður myndi ekki ná að klára á tilsettum tíma fær liðið 0 stig. Skát-

Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda. Allir eiga að hafa öryggis-gleraugu, einnig þeir sem horfa á.



Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



arnir í Kópavogi voru í húsinu við hliðna á okkur og voru að þreyta sömu þrautina. Þeir komu út á undan okkur og þá var mér ekki farið að litast á blikuna. Tím- inn var að renna út. Prófdómarnir sagði mér það að þeir stæðu sig vel en þyrftu bara að koma sér út. Því miður náðu strákarnir ekki að klára og þurftum við að bita í það súra epli að fá 0 stig. Við létum ekki það á okkur fá heldur ákváðum að gera betur í næstu þraut.

Þá var komið að okkar sterkustu hlið: Fjallabjörgun. Það var búíð að setja tvo stóra gáma ofan á hvorn ann- an. Það átti að síga niður af gámnum og bjarga þar manni og hifa hann upp. Þetta gekk svo rosalega vel hjá okkur að sveitin við hliðina á okkur var rétt byrj- uð á verkefninu þegar við keyrðum í burtu. Þetta spilti ekki fyrir stemningunni hjá okkur. Vorum við kampakát yfir tilverunni.

Þá vorum við kominn í fimmta gir ef ekki sjötta bara. Við hlökkudum mikið til að sjá næstu þraut. Hún var á flotbryggjunni fyrir framan Fjörukrána. Þar átti maður að kasta blýkúlu, sem búíð var að festa línu í, út að flotplanka sem var staðsettur út í sjó nokkurn spöl frá bryggjunni. Á þessa flotplanka var búíð að festa stangir með ákv. millibili. Flest stigin voru ef maður hitti í miðjuna þar sem þrengst var á milli stanganna. Þegar maður var búin að kasta og hitta átti maður að henda sér í björgunarbát ásamt öðrum úr liðinu og róa að plankanum og losa línuna og róa til baka. Þar kom í ljós að ég er ekki sú besta að kasta. Ég þarf eitthvað að endurskoða kaststílinn minn. Ég þurfti ófáar tilraunir til að hitta. Þótt ég drægi liðið niður í stigum, gekk okkur bara nokkuð vel.

Í þrautinni sem næst kom, fékk ég aldeilis að láta ljós mitt skína. Það var skyndihjálpaþraut sem er mín sterkasta hlið í þessum bransa. Þrautin var staðsett við lækinn í Hafnafirði. Þegar við komum á staðinn sagði prófdómarnir okkur frá því hvað hafði gerst. Það var kona sem datt af hestbaki og lá þarna alveg við vatn- id. Við sinntum henni eins og best verður á kosið. Þe- gar við keyrðum í burtu frá verkefninu þá voru allir þokkalega sáttir með frammistöðu liðsins. Nú var komið að rúsinunni í pylsuendanum: Lokaprautin.



*Mikilvægt er að
hafa nægt rými
þegar valinn er
skotstaður.
Hæfilegt er að
hafa a.m.k. 20
metra fjarlægð
frá húsum.*

Hún var haldinn á sama stað og fyrsta þrautin. Þegar við komum voru allar átta sveitirnar þegar mættar og tilbúnar til að berjast fram í raudann dauðann. Við vissum alveg að þetta yrði líkamlega erfið þraut. Ég ákvað að draga mig í hlé og láta Eyþór koma í minn stað. Eina sem við þurftum að taka með okkur voru börur. Á meðan við biðum eftir að þrautin hæfist, stungum við saman nefjum við aðrar björgunarsveitir. Loks fengum við að vita um hvað síðasta þrautin snérist. Það var ekki fallegt. Allar sveitirnar áttu að keppa í böruhlaupi. Það átti að hlaupa ákveðinn hring í hringum svæðið. Þar á meðal að vaða eitt vatn sem er þarna. Ekki nóg með það þá átti að stoppa á reglu- legu millibili og taka upp áklumpa sem voru 25 kg hver og alls voru þetta 8 stykki.

Ég ákvað að gerast klappstýra og hlaupa með strák- unum öskrandi og æpandi til að hvetja þá áfram. Einn tveir og bang....allar sveitirnar hlaupa af stað. Sveitin okkar náði forystu. Þegar liður á hringinn voru strák- arnir alveg á öndinni og kofsveittir enda ekki skrítið því alltaf þyngjast börurnar. Ég hljóp við hliðina á strákunum og var alveg að missa röddina á þessum hvatningum. Ég tók ekki í mál að þeir myndu slaka aðeins á og ganga restina. Þegar komið var yfir enda- línuna dattu þeir allir niður, uppgefnir. Þegar allar sveitirnar voru komnar yfir endalínuna var klappað fyrir okkur. Við vorum að springa úr gleði, við vissum ekki alveg hvort við áttum að gráta eða hlægja.

Um kvöldið var svo árhátið hjá slysavarnarfélaginu Landsbjörgu sem var haldin í Haukaheimilinu og þar átti að tilkynna úrslitin. Þegar úrslitin voru tilkynnt vorum við alveg róleg og bjuggumst ekki við neinu sæti því við stóðum okkur ekki nógu vel í reykjöfun- unni. Komið var að öðru sætinu og Björgunarfélag Akranes var kallað upp. Við fengum öll kökk í hálsinn af ánægju. Þetta er alveg frábær viðurkenning fyrir Björgunarfélag Akraness. Eftir 2 ár tókum við fyrsta sætið, ekki spurning . . .

Flugeldaleikur

Á einum stað í þessu blaði er lukkunúmerið þitt, tala á bilinu 1500-3500.

Þrívégis dagana 28.-30. des. munum við draga út veglega flugeldavinninga á flugeldamarkaðinum, Kalmansvöllum 2, Akranesi.

Vinningnúmer verða birt á heimasíðu B.A. www.bjorgunarfelag.is og á sölustað

Slysavarnir, skila þær einhverju?

Sigrún A. Þorsteinsdóttir

Slysavarnir? Eru þær ekki óþarfar? Það kemur ekkert fyrir mig og ef svo er þá er ég tryggð(ur). Þetta er alltof algengt sjónarhorn og alltof margir halda að þeir séu nær ósnertanlegir. En svo er ekki. Hér á landi er ungbarnadauði með því lægsta sem gerist í heiminum en slysatíðni barna og unglinga er há miðað við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Kostnaður vegna slysa hér á landi er gifurlegur og hleypur á tugum milljarða. Umferðarslysin kosta um 18-20 milljarða árlega, barnaslys 4-18 milljarða eftir því hvað er reiknað með inn í þá tölu og svona mætti halda áfram. Heimaslys eru stærsti slysaflokkurinn hérlendis og börn á aldrinum 0-4 ára eru fjölmennasti hópurinn. Nær 12.000 manns koma á slysaeyld Landspítalans í Fossvogi útaf heimaslysum og þá eru ótaldir allir aðrir staðir sem einstaklingar leita til er slys verður. Heimilið er gridarstaður fjölskyldunnar og þar ætti öryggi að vera í fyrirrúmi.

Margt er hægt að gera til að fyrirbyggja slys. Viða er unnið að forvarnastarfi, vegir eru byggðir með umferðaröryggi að leiðarljósi, leikföng eru hönnuð m.t.t. aldurs, lög eru sett til að auka almennt öryggi og svona mætti lengi telja. Enginn er eins fær um að koma í veg fyrir slysin og einstaklingurinn sjálfur með hegðan sinni. Fullorðinn einstaklingur þarf að vera góð fyrirmynd fyrir börnin og það gerir hann ekki með því að sleppa að spenna beltin, keyra of hratt, brjóta umferðarreglur og sleppa endurskinni svo dæmi séu tekin. Ávallt þarf að vera góð fyrirmynd. Börn skilja ekki af hverju það má stundum og stundum ekki.

Fræðsluefni

Slysavarnafélagið Landsbjörg og slysavarnaeildir félagsins hafa lengi beint spjótum sínum að slysavörnum barna og stærsta verkefnið sem unnið er að núna er námsefni um slys og slysavarnir fyrir fjórða, fimmta og sjötta bekk í grunnskóla. Þar er leitast við að



Hannes afhendir íbúum sambýlisins við Laugarbraut flugelda frá B.A. fyrir áramótin.

gera nemendur meðvitaðir um hættur í umhverfinu og fá þau til að taka meiri ábyrgð á sjálfum sér.

Flugeldar

Flugeldar eru skemmtilegir og mikilvæg fjárflokkur fyrir björgunarsveitir. Því miður geta slys orðið í meðhöndlun flugelda ef ekki er farið eftir leiðbeiningum. Til að áramótin gangi slysaust fyrir sig skiptir miklu máli að foreldrar fylgist vel með því hvað börn þeirra eru að gera. Flugeldar eru ekki ætlaðir börnum en því miður verða alltof oft slys þar sem börn eiga í hlut. Alvarlegustu slysin verða þegar strákar búa til heimatilbúnar sprengjur og þegar ekki er farið eftir leiðbeiningum. Fylgjumst því vel með hvað börnin okkar eru að gera á þessum tíma. Frelsið er yndislegt, innan skynsamlegra marka.

Megið þið eiga ánægjuleg og slysaless áramót.

Sigrún A. Þorsteinsdóttir,
sviðsstjóri slysavarnasviðs
Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Börnum yngri en 16 ára eru ekki seldir flugeldar. Fullorðnir skulu ávallt aðstoða börn með þessa vöru.

Athugið að standa ekki nærri er flugeldar eru sprengdir. Hávaði frá þeim getur skadað heyrnina.



Slysavarnir á Akranesi

Anna Kristjánsdóttir

Nú í haust ákváðum við í Slysavarnadeild kvenna á Akranesi að færa öllum börnum í grunnskólum Akraness endurskinsmerki að gjöf, og var þeim útteilt í byrjun nóvember. Við vitum öll gildi þess að nota endurskinsmerki og því er mjög mikilvægt að börnin okkar séu með merki.

Í nóvember tókum við þátt í landsátaki á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar í að skoða leikvelli. Við ákváðum að skoða róluvellina í bænum. Ástand þeirra er misjafnt en á mörgum stöðum vantar mól eða sand undir leiktækin til að gera þau öruggari og svæðið í kringum þau snyrtilegri.

Að lokum langar mig að minna fólk á að skipta um raflhöður í reykskynjurunum sínum. Og ef það er

ekki til reykskynjari þá endilega að drífa í því að fá sér einn eða fleiri slíka og festa þá upp því „skápaskynjarar“ (reykskynjari geymdur inn í skáp) gera lítið gagn.

Fyrir hönd Slysavarnadeildarinnar vil ég þakka Skagamönnum stuðninginn í gegnum árin og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfuríks árs.

PS. Munið hlífðargleraugun um áramótin.

Anna Kristjánsdóttir,
formaður Slysavarnadeildar
kvenna Akranesi



Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



HJÓLBARÐA-
VIÐGERÐIN SF.



GÁMAÞJÓNUSTA
AKRANESS ehf.



Íslenska járnblendifélagið hf.
Icelandic Alloys Ltd.

NÝIR FRÁBÆRIR

Fjölskyldu pakkar

4 STÆRDIR AF TRÖÐFULLUM PÖKKUM

24
stk

58
stk

73
stk

77
stk



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARVEITANNA

Kalmansvellir 2
Sími 430 4500


Flugeldasala er
mikilvægasta fjárföllun
björgunarsveita
Slysavarnafélagsins
Landsbjörgar

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

MAGNADAR

BRENNIUR

FRÁBÆR GOS Í 4 STÆRDUM



Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

Flugeldasala er
mikilvægasta fjárfun
björgunarsveita
Slysavarnafélagsins
Landsbjörgar



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG


Björgunarskóli í 26 ár

Hörður Már Harðarson

Þann 3. september 1977 var Björgunarskólinn stofnaður með það að markmiði að samræma þekkingu og þjálfun björgunarsveitarfólks. Allt frá byrjun hefur Björgunarskólinn haldið uppi öflugri fræðslustarfi fyrir félagsmenn og aðra landsmenn. Á hverju ári heldur skólinn um 300 námskeið viðsvegar um land og eru þátttakendur um 2700. Skólinn er farskóli sem heldur námskeið í húsnæði björgunarsveita um land allt. Björgunarskólinn hefur alla tíð verið í farbroddi í þróun námsefnis til björgunarsveita. Námskeið skólans eru orðin hnitmiðuð þar sem árangur er mældur sem þekking nemenda til að takast á við ófyrirséða atburði þar sem líf getur legið við. Hámarks nýting tíma þátttakenda er ávallt höfð að leiðarljósi. Námskeiðum skólans er skipt í fernt; grunnnámskeið, framhaldsnámskeið, fagnámskeið og stjórnunarnámskeið. Þegar nemendur hafa lokið þremur stigum þjálfunar á hverju sviði geta þeir sótt leiðbeinendanámskeið hjá skólanum. Einkunnarorð skólans lýsa öðru fremur að hverju skólinn stefnir, en þau eru **ÞEKking** og **ÖRYGGI**.

Ósérhlífni sjálfbodaliða eykur öryggi borgaranna

Þeir einstaklingar sem tekið hafa þá ákvörðun að starfa með félagasamtökum eins og SL, fórna gríðarlegum tíma til að undirbúa sig undir ófyrirséða atburði. Með mikilli förnfyndi og ósérhlífni menntar björgunarsveitarmadurinn sig, til að gera sig hæfari og um leið að gera land okkar enn öruggara. Björgunarskólinn hefur lagt gríðarlegan metnað í gerð námsefnis og hefur ekkert verið til sparað í þeim efnum. Hafa verið fengnir færustu sérfræðingar hérlendis sem erlendis til aðstoða við þá vinnu.



Naudsynlegt er að hafa stöðuga undirstöðu undir rakhettur, standblys og skotkökur og athuga þarf að þau þurfa mikið rými.

Ekki bara björgunarsveitir sem leita til Björgunarskólans

Á undanförunum árum hefur viðhorf yfirvalda og atvinnulífsins á nám frá öðrum en viðurkenndum menntastofunum breyst. Í dag er svo komið að margar stofnanir ásamt fyrirtækjum leita til Björgunarskólans vegna þjálfunar starfsmanna sinna. Í því sambandi má nefna Umhverfisstofnun (þjálfun þjóðgarðsvarða), Orkustofnun (þjálfun starfsmanna í vatnabjörgun og fyrstu hjálp), Jökklarannsóknarfélagið (þjálfun í fyrstu hjálp), Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (fjallamennska, fyrsta hjálp í óbyggðum), Leiðsöguskólinn (ferðamennska, rötun, fyrsta hjálp), lækna og hjúkrunarfræðinga (sérhæfða aðstoð í óbyggðum) svo fáeinir séu nefndir. Þetta gefur til kynna að sú fræðsla sem skólinn býður upp á sé góð og menn telji að hún skipti máli.

Frumkvöðlar á Akranesi

Björgunarsveit Akraness hefur lagt mikla áherslu á að þeir félagar Björgunarsveitarfélags Akraness sem lokið hafa grunnþjálfun björgunarsveitarmanns fái viðurkenningu á því námi í Fjölbrotarskóla Vesturlands. Með framgöngu sinni hefur Björgunarsveit Akraness rutt brautina og um leið lagt línurnar fyrir aðrar björgunarsveitir til framtíðar. Þeir möguleikar að einstaklingur geti tekið þátt í sjálfbodaliðsstarfi og um leið sótt sér þekkingu til að gera samfélag okkar enn öruggara verða seint full metnir. Með viðurkenningu á námskeiðum Björgunarskólans aukum við fagleg vinnubrögð í björgunarsveitastarfi og um leið virðingu fyrir störfum sjálfbodaliðans.

*Hörður Már Harðarson,
skólastjóri björgunarskóla
Slysavarnafélagsins Landsbjargar*




Flest alvarlegustu slysin verða vegna fikts. Mjög hættulegt er að taka slugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.

ROSALEGIR

BARDAGAR

ALVÖRU RISATERTUR




100 skota



150 skota



100 skota



150 skota



100 skota



100 skota



150 skota



Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

HEIL FLUGELDASÝNING Í EINUM KASSA

Flugeldasala er
mikilvegasta fjárfun
björgunarsveita
Slysavarnatölagsins
Landsbjargar



Nýliðastarfið

Jón Valur Ólafsson

Góðan dag, Jón Valur heiti ég, meðlimur á fyrsta ári í Björgunarfélagi Akraness, svokallaður „nýliði“.

Í þessari grein ætla ég að fræða þig örlítið um nýliðastarf B.A., segja frá væntingum mínum til félagsins og koma minni skilgreiningu á hugtakinu Björgunarsveit til skila.

Ég hef alla tíð verið veikur fyrir bláum ljósum og sirenuvæli, þó sérstaklega þegar ég var smápatti, það kom aldrei neitt annað til greina en að verða lögga, slökkviliðsmaður eða keyra sjúkrabil. En þann 2. október 2003 sá ég auglýsingu uppá vegg í Fjölbrautarskóla Akraness, að 10 lausar nýliðastöður væru í boði í Björgunarfélaginu og viti menn, minn maður var mættur á fund kl 20:00 samdægurs, staðráðinn í því að láta þetta tækifæri ekki framhjá sér fara. Þjálfararnir okkar voru félagar í Björgunarfélaginu. Þetta voru þau Gunnar Agnar Vilhjálmsson, Belinda Eir Engilbertsdóttir, Jóhann Pétur Pétursson og Birna Björnsdóttir. Okkur var gert ljóst strax í upphafi að dagskrá vetrarins yrði ströng og það þyrfti að gefa nægan tíma og þolinmæði í starfið. Strax á fyrstu vikunum fór fólk að grísjast úr hópnum, hreinlega þoldi ekki álagið. Nú í dag er nýliðahópurinn 2003 nokkuð samrýndur og öflugur hópur.

Áður en ég gekk í félagið hélt ég að „björgunarsveit“ væri bara liðið sem selur rakettarnar og leitar að rjúpnaskyttunum, en það var aldeilis ekki. Þegar þú ert í félagi sem þessu verður þú að standast ákveðnar kröfur, s.s. vera fyrirmynd og vera tilbúinn að gera annað en bara hlaupa af stað og bjarga fólki, eins og til dæmis, sækja námskeið, selja jólatré, selja flugelda, sækja fundi og fara í gæslu svo fátt eitt sé nefnt. Þú verður að vera tilbúinn til að gefa þessu gifurlegan

tíma og sýna virkilegan áhuga, til að fá að vera með.

Hvað er Nýliðastarfið? og Af hverju er ekki bara hægt að verða björgunarmaður STRAX?

Í B.A. tekur það að jafnaði 2 ár að verða fullgildur meðlimur félagsins. Það má í raun segja að þú sért í skóla (Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar). Þegar þessum tveimur árum er lokið þarftu að hafa staðist ákveðin námskeið. Þau eru Rötun, Ferðamennska, Fjallamennska, Leitartækni og Fyrsta-hjálp 1 og 2. Þessi námskeið eiga að kenna þér grunnatriði björgunarstarfa og eiga að gera þig tilbúinn til að sinna útkalli hvenær sem er og við hvaða aðstæður sem er. Hafir þú öðlast þessa menntun ertu orðinn svokallaður Björgunarmaður 1, sem þýðir að þú kemst á útkallslista hjá félaginu. Að því loknu er æskilegt að þú endurmenntir þig helst með árs millibili. Björgunarmaður 1 veitir svo 4 einingar í F.V.A. Einnig eru önnur námskeið metin til eininga. Svo er að sjálf-sögðu hægt að sérhæfa sig á vissum sviðum, en ég ætla ekki að fara nánar úti það hér.

Þetta starf hefur gert töluvert fyrir mig sem einstakling, ég hef séð hversu mikilvægt það er að geta gert gagn í þjóðfélaginu og ég efast ekkert um það að þetta starf á eftir að efla mig og styrkja.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komu á einn eða annan hátt að útgáfu þessa blaðs og sérstaklega þeim sem leggja sitt að mörkum til að Akurnesingar geti starfrækt gott og öflugt björgunarfélag. Meðan ég óska öllum Akurnesingum gleðilegs nýs árs hvet ég alla til að kynna sér nýliðastarf félagsins og félagið sjálft nánar, og vonast til að sjá ný andlit á næsta tímabili. Að lokum vil ég minna á heimasíðu félagsins www.bjorgunarfelag.is

Takk fyrir mig.



Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal þeim innan-dyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæm.

Kolbrún Diego tekur við flugeldum fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar frá Björgunarfélagi Akraness.



Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Axel Sveinbjörnsson ehf.

B.Ó.B - vinnuvélar sf.

M & M fiskflutningar

Bifreiðaverkstæðið Brautin hf.

Bilver ehf.

Cafe 67 ehf.
pizzastaður

Cafe Mörk

Sólbaðsstofan Tungusól

Gámaþjónusta Akraness ehf.

Gísli Jónsson
Körfubílaþjónusta - Vinnuvélaleiga

Tannlæknastofa Jónasar Geirssonar

Skagaver sf.

Gúmmíbátþjónusta Akraness

Trésmiðja Akraness ehf.

Hópferðabifreiðar
Reynis Jóhannssonar

Vélsmiðja
Ólafs R. Guðjónssonar ehf.

Viðar Svavarsson ehf.
Múraramestari

Öryggisþjónusta Vesturlands

Litla Búðinn

Rakarastofa Hinriks

Hönnun

IÁ-Hönnun

Sjónglerið ehf.

Verslunin Einar Ólafsson

Vélaverkstæði
Guðlaugs Ketilssonar

Hárhús Kötlu

Harðarbakarí

Tannsmíðastofa
Halldóru Friðriksdóttur

Úra- og skartgripaverslun
Guðmundar B. Hannha

Glerhöllin

Brauða- og kökugerðin

Bókasafn Akraness

HB

Re/max vesturlandi
Fasteignasala

Hrói Höttur

Flugvallarslökkviliðið á Keflavíkurflugvelli

Gunnar Agnar Vilhjálmsson



Þegar ritstjóri þessa blaðs hafði samband við mig fyrir skemmstu og bað mig um að rita nokkrar línur um starf mitt í slökkviliði Keflavíkurflugvallar, var mér hugsað til þeirra daga þegar ég var að hefja störf hér. Hvert prófið á fætur öðru, líkamleg og bókleg, og öll pappírsvinnan virtist aldrei ætla að taka enda.

Loksins var ég mættur á mína fyrstu vakt og virtist, að mér fannst, tilbúinn í allt. Mjög fljótt komst ég að því að maður vaknar ekki upp einn morguninn og er orðinn slökkviliðsmaður. Við tóku stífar æfingar þar sem við fórum í eld og æfðum tókin á slöngunum. Húsabrunar voru æfdir og einnig flugvélaeldar. Við höfðum verið teknir inn tveir nýir á vaktina og vorum álika grænir. Allir félagar okkar á vaktinni

lögðu sig vel fram við að kenna okkur réttu vinnubrögðin og hvað bæri að varast.

Flugvallarslökkviliðið hefur eingöngu verið mannað Íslendingum síðan 1968 en á undan höfðu Bandaríkjamenn verið í ríkjandi meirihluta síðan 1943, fráupphafi byggðar á Miðnesheiði. Það er óhætt að segja að andi hermannanna ríki enn sterkur innan liðsins. T.d. fara nánast öll fjarskipti fram á ensku, og allar bréfskriftir líka. Þess vegna er lagt mikið upp úr enskukunnáttu starfsmanna. Einnig er áberandi góður agi til staðar, sem setur skemmtilegan

svip á vinnustaðinn. Þar sem þetta er í rauninni bandarískt slökkvilið hefur það tekið þátt í hinum ýmsu keppnum milli slökkviliða í Bandaríkjunum, og oftast en ekki sigrað, ekki síst hvað eldvarnir varðar.

Í dag ganga eitthvað í kringum 100 menn vaktir í liðinu, hver og einn í sólarhring í senn. Vaktin hefst alltaf með nafnakalli kl 0755 hvern morgun. Svo hefj-



*Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*



NETTÓ





ast menn handa við að yfirfara bílana. Hver einast bíll er yfirfarinn, allir vökvar athugaðir, slitfletir, reimar, felguboltar, ofl.ofl., allt er þetta svo skráð. Eftir morgunkaffi taka við æfingar, ýmist fyrirlestrar og / eða verklegar æfingar. Eftir hádegi er svo haldið áfram við æfingar eða menn vinna tilfallandi störf. Slökkvibífreid er ávallt staðsett út við flugbraut, frá 0800 - 1900, mönnum tveimur slökkviliðsmönnum. Utan þess tíma kallar flugturninn tvo menn út á braut ef landing eða flugtak á sér stað, því ef eitthvað fer úrskaiðis þá skipta sekúndurnar máli.

Á kvöldin tökum við lífinu rólega yfir sjónvarpinu

eða gerum eitthvað annað tilfallandi, þangað til maður svífur á vit draumanna. K1 0630 fara svo allir á fætur og gengið er frá öllu snyrtilegu eins og við vildum koma að því..

Mér hefur fundist sérstakt hvað liðsandiinn er góður hér og hvað allir hafa tekið okkur vel. Það er, að mér finnst, með betri veganestum á nýjum vinnustað.

*Gunnar Agnar Vilhjálmsson,
slökkviliðsmaður og
félagi í Björgunarfélagi Akraness.*

**Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári**



HLJÓMSÝN

STILLHOLTÍ 23 – AKRANESI – SÍMI 430 2500

**SKRÍN
ADSL**

www.skrin.is
sími 460 5300



*Starfsmenn
Búnaðarbankans
óska viðskiptavinum
og landsmönnum*

öllum

*gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári.*

Þökkum viðskiptin

á árinu

sem er að líða.

